

# Samantekt um skógræktina á Mosum

## Gerð handa Mosafundi ársins, 22. apríl 2006.

Heimildir: Gestabækur og minnismiðar.

Þetta eru skógræktarfréttir frá sumrinu 2005. Þetta er tólfta „skýrsla“ sem Mosafundur fær um skógræktina (fyrst 1993 og árlega frá 1997).

### **Heimalóð:**

Í heimalóð var lítið gert annað en snyrta limgerði nálægt húsinu og klippa nokkur tré til að laga þau til. Nokkrar hríslur voru svo fjarlægðar því að helst þarf að grisja lóðina mátulega.

### **Í skógræktargirðingu:**

*Girðingin sjálf:* Gengið var með girðingunni og skipt um nokkra staura. Hún taldist allvel fjárheld að því loknu. Hún er lélegust sunnan í Kyllanum.

*Gangstígur og tröppur:* Ekki tókst að ljúka stígunum upp á Kyllann en hann er samt góð hjálp í gönguferð þangað upp og um skógræktina

*Gróðursetningaraðferð, aðhlyning:* Alveg venjuleg, tað með trjám og skýli með helmingnum af barrtrjám ásamt plasti.

### ***Gróðursett í Kyllabrekku vor og sumar 2005:***

Aðeins var farin ein skógræktarferð og varð því öll sameiginleg gróðursetning með minna móti. Sett voru niður 317 tré. Mest var gróðursett sunnarlega í landinu, vestan við stóra rjóðrið. Trjágróður nær nú syðst og vestast í girðinguna sem Rannsóknastöðin á Mógilsá setti upp um 1990.

**Aspir:** 30 Sælandsaspir úr Flóa, settar syðst í landið.

**Birki:** 2 plöntur.

**Furur:** 9 bergfurur, geymdar í skjólreit á Mosum, settar ofarlega og syðst.

**Greni** (sitkabastarður): 35 tré, 2ja ára, alin upp í Kóp. og geymd einn vetur í pottum á Mosum. Sett sunnarlega og ofarlega í landið. Flestum plöntum hlíft með pokum og plasti.

**Hlynir:** Níu nokkurra ára plöntur, af fræi úr Grænutungu 7 og Bárugötu. Úr stiklingabeði á Mosum. Látnir í skjól við önnur tré, mest fyrir miðju landinu.

**Reynir:** 1 ilmreynir, 14 silfurreynar. Settir í skjóli við annan skóg hér og þar.

**Rósir:** 5 „rosa rugosa“ í framhaldi af rósunum við rabbarbarann.

**Sólber:** 52 tveggja ára plöntur, látnar með fram girðingu austan í Kylla og ná langleiðina vestur að ökuhliði. (Fór vel fram um sumarið.)

**Tröllavíðir (Oddur guli):** 160 tré, 2ja ára, úr Flóa. Suðvestast í girðingunni, mest efst í brekkunni.

**Sumarið 2005:** Nokkur afföll urðu af nýjum grenitrjám syðst og líka af Alaskavíði, svo sem Oddi gula, syðst, en Alaskavíðir af flestum tegundum hefur verið óbrigðull á Mosum. Ætli þetta sé grasmaðki að kenna eða ráða aðkomuþlöntur illa við mjaðarjurtina sem ræður landinu ofarlega syðst? Sumt af nýrri gróðursetningu fór í göt.

**Staða skógræktarinnar núna:** Nú eru komnar um 8100 plöntur í Kyllabrekkur. Þar af eru lauftré um 6300 en barrtré á fimmtánda hundrað. Algengustu tegundir eru birki, um 700 tré, Alaskavíðir af ýmsum tegundum 2900, gljávíðir 350, 200 elri (3, gráelri, 99 sitka-, 100 svartelri), Hreggstaðavíðir 117 tré, aspir 850 tré, reynir 170 tré, gulvíðir 300, brekkuvíðir 70, strandavíðir 77. Af barrtrjám eru flest greni 850 (sitkagreni 736, blágreni 74, sitkabastarður 35), lerki 371 tré og furur 143 (bergfurur og stafafurur).

**Vorið 2006:** Samtíningur í geymslubeði á Mosum. Eitthvað er til af öspum og víði í Flóa.

**Framtíðin í skógræktinni:** Nýskógrækt í Kyllagirðingunni er langt til lokið og þá tekur við tímabil þar sem við fylgjumst með vexti skógarins og grisjum og snyrtum eftir þörfum. Auðvitað þarf að fylgjast með girðingunni og halda við stígum og leiðum. Einhvern tíma í ekki of fjarlægri framtíð hljótum við að halda ættarmót í stóra rjóðrinu eða hafa a.m.k. eina bækistöð þar! En nú er líka kominn tími til að setja niður tré sem þurfa skjólið og geta þannig orðið landnemar á Síðunni. Til gamans má geta þess að í fyrirlestri Þrastar Eysteinsonar skógfræðings 11. apríl sl., þar sem hann gerði grein fyrir 20 trjátegundum sem hann teldi allt of lítið sinnt í íslenskri skógrækt, komu Mosar vel út. Af 10 tegundum sem hann lagði mesta áherslu eigum við 6, sumar í allmörgum eintökum: hegg, silfurreyni, ilmreyni, selju, blæösp og gráelri. Af næstu 10 eigum við a.m.k. hlyn, ein 20 tré, og þau geta víst orðið 500 ára. En við eigum enn enga lindifuru sem Þröstur setti í 1. sæti!

Gert í apríl 2006.

F.h. skógræktarmanna í Mosafélagi, Bjarni Ólafsson